

Greinagerð

Verkefnið sem ég gerði var hlaðvarp, þar fjallaði ég um grunnskólana í Fjarðabyggð ég skoðaði árangur í samræmduprófunum og einnig fór ég yfir gögn úr skólavoginni sem að gáfu mér innsýn inn í líðan barna í skólunum og fleiri upplýsingar sem segja mikið um skólana okkar og hvernig þeir hafa verið að standa sig.

Þetta efni kom til mín vegna þess að á þessum þremur árum sem ég hef verið í framhaldsskóla hef ég fengið aukin áhuga á menntakerfinu þá einna helst grunnskólum og raunar þeirra hlutverk í að undirbúa börn fyrir framhaldsskóla.

Ég hef persónulega tekið eftir mun á milli námsárangri samnemenda minna eftir því úr hvaða grunnskóla þau koma. Ég setti þetta síðan í samhengi við Verkmenntaskóla Austurlands eftir að ég byrjaði hér vegna þess að flestir nemendur hér eru úr Fjarðabyggð og ég fór að velta fyrir mér hvort það væri munur á þeim vegna þess að þetta er allt sama sveitarfélagið og að mínu mati ætti námsárangur og líðan barna að vera jafn á milli skóla í Fjarðabyggð.

Ég vann verkefnið þannig að ég byrjaði að safna upplýsingum ég fór meðal annars á fund með Þóroddi Helgasyni sem er fræðslustjóri í Fjarðabyggð, frá honum fékk ég gögn og einnig átti ég við hann gott samtal sem að gaf mér innblástur fyrir verkefnið.

Síðan fór ég yfir öll þau gögn sem ég hafði safnað að mér og skrifaði texta sem ég notaði sem einskona handrit fyrir hlaðvarpið.

Hlaðvarpið er í tveimur þáttum, í fyrri þættinum skoða ég skólana sjálfa ég fer yfir líðan barna, viðhorf þeirra til skóla en einnig skoða ég niðurstöður úr samræmdu prófunum eftir skólum. Í seinni þættinum fer ég yfir tómstundir, félagsstarf og íþróttir, þar er ég með göng um þáttöku barna í Fjarðabyggð í íþróttum og félagsstarfi. Ég enda seinni þáttinn á umræðu um þær breytingar sem ég væri til í að sjá í kerfinu okkar hér í Fjarðabyggð. Hvernig væri hægt að bæta samgang á milli skóla og félagsmiðstöðva svo eitthvað sé nefnt.

Heimildir

Menntamálastofnun (E.D). *Grunnskólaeinkunn, Grunnskóli Fáskrúðsfjarðar* [Línurit]. Sótt 06.04.2021 af: <https://menntamalastofnun.shinyapps.io/skyrslugrunnur/>

Menntamálastofnun (E.D). *Grunnskólaeinkunn, Grunnskóli Reyðafjarðar* [Línurit]. Sótt 06.04.2021 af: <https://menntamalastofnun.shinyapps.io/skyrslugrunnur/>

Menntamálastofnun (E.D). *Grunnskólaeinkunn, Grunnskóli Eskifjarðar* [Línurit]. Sótt 06.04.2021 af: <https://menntamalastofnun.shinyapps.io/skyrslugrunnur/>

Menntamálastofnun (E.D). *Grunnskólaeinkunn, Nesskóli* [Línurit]. Sótt 06.04.2021 af: <https://menntamalastofnun.shinyapps.io/skyrslugrunnur/>

Rannsóknir og greinning (2020). *Ungt fólk, Fjarðabyggð* [Power point glærur].

